1948 nr. 44 5. apríl
Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins

Tóku gildi 7. apríl 1948. *Breytt með:* L. 45/1974 (tóku gildi 5. júní 1974). L. 75/1982 (tóku gildi 10. júní 1982). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [Ráðuneytið][1] skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu],[2] þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur,[3] sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

□ Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

[1] *L. 126/2011, 23. gr.* [2] *L. 45/1974, 1. gr.* [3] *Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar). Rg. 200/1975 (um takmarkaða heimild til hringnótaveiða). Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á hái, hámeri og beinhákarli).*

■ 2. gr.

□ Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

■ 3. gr.

□ [Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967,[1] um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960,[2] um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922,[3] um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum . . . [4]][5]

[1] *Nú l. 79/1997.* [2] *L. 40/1960 eru úr gildi fallin, sbr. l. 102/1973, 2. mgr. 17. gr.* [3] *Nú l. 79/1997.* [4] *L. 75/1982, 27. gr.* [5] *L. 45/1974, 2. gr.*

■ 4. gr.

□ [Ráðuneytið][1] skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

[1] *L. 126/2011, 23. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA